

Dýrleg frelsun

*Þáttur frá kristniboðinu í Kína
eftir Marie Monsen kristniboða*

Þýð.: Böðvar Björgvinsson

Það komu boð frá útstöð kristniboðsstöðvarinnar að nú væri hægt að safna saman hópi hvenna á námskeið, sem lengi hafði verið beðið um að haldið yrði þar. Gæti ég komið? Það höfðu lengi verið óreiðatímar, en ég fékk gott orð til ferðarinnar: „Engill Drottins setur vörð um þá er óttast hann, og frelsar þá.“ (Sálm. 34:8).

Dyravörðurinn fór af stað til að ná í vagn til ferðarinnar, en tókst það ekki. Miður sín stóð hann og stamaði: „Það er víst ennþá óróleiki. Það eru ræningjar allt um kring og því eru engir sem vilja senda vagnana sína norður eftir.“ Hann sá að ég var svekkt og bætti því við í föðurlegum tóni: „Það er víst sjálfri þér fyrir bestu að þú farir ekki. Ekki fara núna!“

Ég hafði hlakkað til ferðarinnar og nú var leiðin lokuð. En ekki vegurinn upp. „Drottinn, ef þú vilt að af þessari ferð verði, þá finnur þú áreiðanlega vagn handa mér.“ Þar með var ég alveg róleg.

Innan klukkustundar kom dyravörðurinn aftur: „Það er vagn hérna að norðan sem ætlar aftur til baka. Ekillinn spyr hvort nokkur ætli uppeftir.“

„Já, ég ætla með.“ Dyravörðurinn leit á mig með slíkum uppgjafarsvip að mér fannst ég verða að trúna honum fyrir hverju ég hefði beðið fyrir.

„Já, þetta er örugglega svarið,“ sagði hann mjög rólega.

Ferðin gekk vel. Bæjarhliðið var lokað þegar ég kom á áfangastað, en fyrir gömlum kunningja, sem ég var með, var fúslega opnað.

Gegn öllum venjum voru konurnar komnar á undan mér. Á því var þó ósköp eðlileg skýring í þetta skiptið. Í langan tíma höfðu veirð óróleikar á svæðinu sem þessar konur komu frá. Á næturnar höfðu þær þurft að finna sér felustaði í skurðum og urðum og eyða nóttunum þar andvaka af spennu. Þegar ær heyrðu að halda ætti námskeið í næsta bæ, voru þær ekki seinar á sér að koma sér af stað, og margar vildu vera með. Það yrði dásamlegt að geta dvalið innan bæjarmúranna og vera laus við hræðsluna við ræningja.

Þær voru svo þreyttar og vansvefta eftir þessa hörmungartíma heima, að þær sváfu nánast í einum dúr í tvær nætur og daginn á milli, eða nær hálfan annan sólarhring, áður en hægt var að hefja námskeiðið. Flesta þeirra höfðu ekki heyrt nema mjög lítið um Guðs orð áður, og engin þeirra kunni að lesa. Engin þeirra var frelsuð nema bilúkonan. En þær voru góðir áheyrendur og mjög námfúsar þegar fagnaðareriðið var flutt.

— — —

Aðeins nokkrum dögum eftir að námskeiðið byrjaði, fengum við fréttir sem ollu mikilli skelfingu. Ræningjaflokkur hafði allt í einu skotið upp kollinum og umkringt bæinn. Og til að bæta gráu ofan á svart voru hermennirnir sem áttu að gæta bæjarins úti af örkinni á ræningjaveiðum á allt öðru svæði en þessir ræningjar höfðu komið frá. Í bænum var allt í ringulreið. All fólkið hljóp hingað og þangað og virtist hafa trú á að betra væri að fela sig einhvers staðar allt annars staðar en heima hjá sér.

Ég gleymi aldrei skelfingunni, sem greip konurnar við þessar dapurlegu fréttir. Nú leið þeim eins og rottum í gildru. Heima höfðu þær þó getað hlaupið út og komið sér í felustaðina sína. Þær duttu niður þar sem þær stóðu eins og líflausir sekkir og það þurfti að drösla þeim á fætur einni og einni og koma þeim í kennslustofuna. Kennslustofan fylltist hins vegar fljótt af konum og körlum, sem þekktu okkur lítið og leituðu nú skjóls hjá okkur. Allir sátu þar saman, skelfingu lostnir og ráðvilltir. Allir áttu von á því versta, því að ræningjarnir gátu gert það sem þeim sýndist í hermannalausum bænum. Brátt væru ræningjarnir komnir inn í bæinn, og þá...?

Samkoman sem hófst núna stóð af minni hálfu í fjóra til fimm tíma, en af hinna hálfu alla nóttina. Þetta óttaslegna fólk fékk að heyra sögu Biblíunnar um hvernig hinn lifandi Guð hafði gripið inn í á neyðarstundum. Það fékk að heyra um Daníel og vini hans, um Jeremía og Jónas og alla hina sem fengu að reyna frelsun á örlagastundu. Loforð Guðs og fyrirheiti voru endurtekin aftur og aftur þar til fólkið kunni þau. Og svo báðum við. Reyndar kunnu þau ekki að biðja, en þau voru með af öllu hjarta og „báðu eftir“ eftir því ssem þau heyrðu að beðið var. Þau tóku á móti Orðinu ein og smábörn gera.

Seint um kvöldið megnaði ég ekki meira og fór og lagði mig í öllum fötunum. Það síðasta sem ég heyrði frá hópnum var: „Drottinn er eldveggur kringum þjóð sína“ (sbr. Sak. 2:9) og „Miskunn hans er ný hvern morgun“ og „Eigi þarft þú að óttast ógnir næturinnar“ (Sálm. 91:5). Svo sofnaði ég.

Þegar eldaði af degi vaknaði ég við að konurnar þustu inn til mín. Það var sannarlega yfirfullt hús og hver upp í aðra hrópuðu þær: „Við erum hólpín!“ „Við höfum verið frelsuð!“ „Ekkert er erfitt fyrir Honum!“ „Engu skoti hefur verið hleypt af í nótt!“ „Ræningjarnir eru að fara frá bænum!“

Karlmennirnir höfðu þegar hlaupið út og upp á bæjarmúrana til að sjá með eigin augum þegar ræningjarnir fóru burt. Þeir komu til baka og sögðu: „Enginn af þeim sem við höfum talað við getur skilið hvers vegna ræningjarnir fóru burt frá bænum án þess að hleypa af skoti. Njósningar þeirra hljóta að vita að enginn hermaður er í bænum. Utan við bæjarmúrana eru verksummerki eftir tvær fallbyssur.“

Nokkrir að þeim sem við þekktum fóru síðar út og upp á bæjarmúrana og sáu ummerkin.

En hópurinn, sem hafði verið hjá okkur þessa nótt, skildi að það var hinn lifandi Guð sem hafði frelsað okkur úr þessari hættu. Hve hamingjusöm þau voru! Þetta var þeirra fyrsta reynsla af þeim Guði sem við höfðum talað um, og nú vildu þau læra meira.

— — —

Nokkrum dögum síðar gerðist eftirfarandi:

Dyrum kennslustofunnar var svipt upp og tveir menn með mjög veika konu á milli sín horfðu ringlaðir á svo sjaldgæfa sjón að sjá margar konur saman í hóp. [Slíkt var ekki við hæfi í Kína.] Þeir spurðu stamandi:

„Er það ekki hérna sem Jesús býr?“

„Jú,“ sögðu konurnar einum rómi.

Nokkrar þeirra hlupu til og náðu í dýnu og lögðu hana á moldargólfið, svo að veika konan gæti lagst.

„Mig langar að spyrja hvort Jesús geti læknað konuna mína.“

„Já, það getur hann!“ svaraði einfeldningslegur hópurinn í kór.

„Hún hefur verið lengi veik og hefur ekki getað borðað lengi heldur.“ (Þegar heiðingi getur ekki borðað, er hann örugglega mjög veikur.)

„Ertu með goð heima,“ spurði biblíukonan.

Jú, hann var með það.

„Hversu mörg?“

Hann nefndi þau á nafn.

„Því er þannig varið, að Jesús og goð eiga ekki saman. Viltu taka goðin þín og brenna þau hér?“

„Já, ef það hjálpar til þess að konan mín verði frísk.“ Hann hljóp og náði í goðin sín. Þau voru síðan talin upp og brennd.

Konurnar krupu á kné kringum veiku konuna og báðu fyrir henni í stórum bænakór. Enginn veitti mér athygli. Ég sat á sama stað allan tímann sem áhugafullur áhorfandi. Eftir dálitla stund sagði biblíukonan:

„Nú getið þið hætt að biðja. Munið þið að Jesús sagði að það yrði að búa til mat handa dóttur Jaírusar?“

Þær mundu það.

„Nú verða nokkrar ykkar að búa til mat handa þessari konu. Þið heyrðuð að maðurinn sagði að hún hefði ekki borðað lengi.“

Margar hlupu af stað en hinar settust í kringum veiku konuna og biblíukonan talaði við hana. Hópurinn tók áhugafullur undir allt sem sagt var.

Svo kom maturinn, stórt, djúpt, kúfað fat af mat. Líklega hefur veirð gengið út frá því að sá sem ekki hefur borðað lengi þyrfti þeim mun meira. Þetta var rúmur skammtur miðað við hraustasta karlmann. Mér var nóg boðið og ætlaði að rísa upp. Þetta var ekki matur handa sjúklingi. En biblíukonan náði að hindra mig í að skipta mér af með því að segja við veiku konuna:

„Þennan mat er þér ómögulegt að borða nema við biðjum fyrst Guð að blessa matinn.“

Það var gert.

„Jæja, nú máttu borða. Sá matur sem Guð hefur blessað mun ekki geta sakað þig.“

Konan borðaði allan matinn meðan hún sat þarna á dýnunni.

„Jæja, nú skulum við hjálpa þér á fætur, og svo getur þú setið þarna á bekknum þangað til við erum búin með tímann okkar.“

Hún sat þarna tvær kennslustundir. Að því búnu fór hún heim til sín, eldaði hádegismat handa fjölskyldu sinni og kom aftur í tíma eftir hádegi.

Margar konur komu síðar til þess að heyra orðið vegna vitnisburðar þessarar konu.